



Rannsóknir Orkustofnunar í sunnanverðum Borgarfirði sumarið 1989

Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð LSG-89-04

RANNSÓKNIR ORKUSTOFNUNAR Í SUNNANVERÐUM BORGARFIRÐI SUMARIÐ 1989

1 INNGANGUR

Yfirlýsing hefur komið frá hreppsnefnd Andakílshepps um að hreppurinn hafi ekki áhuga á að taka frekari þátt í verkefni Orkustofnunar um könnun á náttúrlegum skilyrðum til fiskeldis í sunnanverðum Borgarfirði. Því hefur reynt nauðsynlegt að endurskoða áætlun um síðari áfanga verkefnisins. Áætlunin miðar, sem fyrr, að því að skila grunnupplýsingum um jarðhita, ferskvatn og jarðfræði í Lundarreykjadal og Skorradal, sem nýtast mundu við ákvarðanir um mögulega staðsetningu fiskeldisstöðva. Hér er á eftir verður farið í stuttu máli yfir þær rannsóknir sem áætlað er að vinna á árinu 1989 til að viðunandi mynd fái af svæðinu.

2 JARÐHITI

Tekin verða saman helstu gögn um jarðhita á svæðinu. Jarðhitinn í innanverðum Lundarreykjadal hefur verið kortlagður, eftir því sem ástæður þóttu til, en á þessu ári beinist athyglin meira að jarðhitasvæðum utar í dalnum og í Skorradal. Með jarðfræðikortlagningu er ætlunin að fá yfirlit um sprunguvirkni á svæðinu og kanna hvernig uppkoma jarðhitans og jafnvel ferskvatns tengist henni. Lokið er skoðun á innanverðu svæðinu en í sumar verður lögð áhersla á utanverðan Lundarreykjadal og á Hreppslaug. Loks verður unnið úr viðnámsniðsmælingunum, sem gerðar voru í fyrra, annars vegar við Hreppslaug og hins vegar England og Reyki.


3 FERSKVATN

Rannsóknirnar beinast að því hvar helst megi vinna nýtanlegt ferskvatn til fiskeldis. Áhuginn beinist einkum að þeim stöðum, þar sem aðstæður leyfa einhverja upphitun ferskvatnsins, svo að ná megi kjörskilyrðum til fiskeldis án mikils tilkostnaðar. Þetta er einkum í námunda við jarðhitasvæðin og sömuleiðis á þeim slóðum þar sem möguleikar eru á að fá keypta ódýra raforku. Í Skorradalshreppi verður lögð áhersla á næsta nágrenni við Efirhrepp. Í Lundarreykjadalshreppi verða teknar fyrir eftirhreytur frá fyrra ári, til að hægt sé að gefa yfirlit um svæðið.

4 BORANIR

Gert er ráð fyrir að bora 1 grunna (60 m) hitastigulsholu á einhverju völdu hitasvæði innst í Lundarreykjadal til að afla betri upplýsinga um jarðhitann. Nokkuð er misjafnt hvaða ávinningur er af slíkum borunum á einstökum jarðhitasvæðum, en benda má á Þverfell og Gilstreymi sem áhugaverð svæði, einkum vegna nálægðar við öflugar ferskvatnslindir. En einnig kæmi til greina að kanna betur jarðhitann við Reyki eða Snartarstaði með slíkum borunum.

Áhugavert væri að bora svipaða holu við Hreppslaug. Ekki er gert ráð fyrir því innan ramma verkefnisins, þar sem aðstæður hafa breyst eftir að Andakílsheppur dró sig út úr því og hlutdeild Skorradalshrepps í því ekki stór. Orkustofnun er þó reiðubúin til að bæta þessari borun við verkefnið ef Skorradalshreppur og/eða landeigendur eru reiðubúnir að leggja fram hefðbundið móttframlag við hlut ríkisins, þ.e. 20%.


Lúðvík S. Georgsson
verkefnisstjóri